

Fréttapistill frá forseta Íslands

29. mars 2021

Enn eru eldgos og farsótt efst í huga flestra landsmanna. Ég nýti þennan vettvang til að færa björgunarsveitum og lögreglu innilegar þakkir fyrir allan þeirra atbeina í og við gosstöðvarnar í Geldingadölum. Mest hefur mætt á félögum björgunarsveitanna á Suðurnesjum en aðrar sveitir hafa líka verið kallaðar til þjónustu. Á methraða er búið að stika leiðir, setja upp kaðla, skipuleggja bílastæði og búa svo um hnútana að sem flest okkar geti haldið á vettvang.

Gaman hefur verið að sjá hversu margt fólk getur í einni svipan skellt á sig gönguskóm, búið sig rétt á allan annan máta og virt fyrir sér ægimátt náttúruaflanna. Þetta sýnir í hvaða návígi við umhverfið okkar ágæta þjóð okkar býr. Hitt er verra að sum kunna fótum sínum ekki forráð, leggja af stað vanbúin og mega þakka fyrir að aðrar manneskjur hafa það að atvinnu eða afþreyingu og hugsjón að vera til taks þegar í nauðir rekur hjá öðrum. Fólk verður einnig að hafa í huga sóttvarnir á þessum stað sem öðrum, sýna aðgæslu og varkárni. Núna í hádeginu á mánudegi minnti Steinar Þór Kristinsson í aðgerðastjórn á nauðsyn þess að virða mannhelgi (fjarlægðartakmörk), taka sótthreinsisþritt með sér og sóttvarnargrímur.

Loks er leitt til þess að vita að þau eru til sem skilja eftir sig rusl á þessum kynngimagnaða stað, bjórdósir, matarumbúðir og annan ósóma. Ég legg það á og mæli um að þannig lið líti ekki glaðan dag fyrr en það hefur séð ljósið og lofað bót og betrun. Þetta gildir líka um aðra útivist og reyndar mannlífið allt.

Í gær kom lóan, vorboðinn góði. Gott var að fá þær fréttir í miðju kuldakasti. Það birtir alltaf til, náttúran hefur sinn gang. Hér á Bessastöðum komst minkur í hæsnabúið fyrir skemmstu. Við erum hér með nokkra hana og hænur og minkurinn sýndi sitt drápseðli. Nokkrum dögum síðar náðist skaðvaldurinn.

Á föstudaginn var þar það líka til tíðinda á skrifstofu minni á Staðastað í Reykjavík að starraungi flaug þar inn. Hann náðist á mynd, við hlið bókarinnar Uden Mandat, ævisögu danska sendiherrans Henriks Kauffmanns eftir Bo Lidegaard, og má til sanns vegar færa að fuglinn var þarna án heimildar, uden mandat. Blessunarlega rataði hann aftur út, frelsinu feginn. Mér vitrara fólk um fugla segir mér að starri þessi eigi eftir að fá gulan lit á gogg og rauðbrúnan á fæturna. Síðan komi fullorðins fjaðrahamur og dílarnir sem starrar draga nafn sitt af, sturnus á latínu og starling á ensku.

Fyrir rétttri viku flutti ég ávarp við setningu Búnaðarþings og má lesa það hér: <https://www.forseti.is/.../2021-03-22-b%C3%BAna%C3%Boar.../>. Í erindi mínu sagði ég meðal annars: „Þótt brýnt sé að líta fram á veg er öllum hollt að muna líka hið liðna. Hér erum við saman komin í Bændahöllinni í Reykjavík, höfuðstað landsins. Sú var tíð að góðum bómönnum þótti lítið til þessara slóða koma. ... Vífill og Karli, þrælur Ingólfs, [þræddu] strandlengjuna hér syðra í leit að öndvegissúlum höfðingjans. Frá því segir í lagi Spilverks þjóðanna: „Fornar súlur, flutu á land í den tid. Þrælahyski þefaði upp brakíð.“ Frásögn Landnámu er með svipuðum hæðnis- og

hneykslunarbrag: „Til ills fórum vér um góð héruð, er vér skulum byggja útnes þetta,“ mun Karli hafa sagt þegar Ingólfur gerði sér bústað í Reykjavík með Hallveigu sinni. Kannski má segja að Karli sé fyrsti strámaður Íslandssögunnar, sá sem ýkir og elur á misskilningi eða missætti. Auðvitað varpa ég þessu fram í hálfkæringi en um okkar daga þurfum við allra síst á því að halda að aukið sé á meting milli sveita og borgar, milli hefðbundinna atvinnuvega og hinna nýrri. Heldur margir stóðu í því á liðinni öld.“

Á þriðjudaginn var flutti ég ávarp á málþingi Samtaka um endómetríósu, „Er barnið þitt með endómetríósu?“ Ég kvaðst meðal annars vonast til að málþingið yrði til þess að auka vitund fólks um þennan illvíga sjúkdóm, innan heilbrigðiskerfisins og í samfélaginu öllu. Gera má ráð fyrir að allt að 15.000 konur þjáist af endó hér á landi þótt þau séu aðeins rúmlega 3000, tilfellið sem hafa verið greind. Einatt fylgja miklar þjáningar og engin lækning er til eins og sakir standa.

Síðar þennan dag hlotnaðist mér sá heiður og ánægja að afhenda viðurkenningar á Stóru upplestrarkeppninni í Hafnarfirði. Ingibjörg Einarsdóttir átti frumkvæði að þessum merka viðburði fyrir rúmum aldarfjórðungi, hefur æ síðan borið veg og vanda af honum en nú munu önnur taka við því kefli. Keppnir af þessu tagi eru nú haldnar víða um land og á Ingibjörg miklar þakkir skildar fyrir sinn þátt í áranna rás.

Á miðvikudaginn var gengu í gildi hertar aðgerðir vegna sóttvarna. Meðal annars féll skólahald niður, sundlaugum var lokað, hömlur lagðar á mannámót, íþróttæfingar ungra sem aldinna bannaðar. Allar nauðsynlegar upplýsingar má sem fyrr sjá á covid.is. Ég hvet fólki að sjálfsögðu til að sinna eigin sóttvörnum áfram eftir bestu getu, fylgja tilmælum og leiðbeiningum í hvívetna og þá má vonast til þess að samfélagið færist senn í eðlilegra horf á ný. Enn greinast fersk afbrigði af veirunni sem gera okkur erfitt fyrir að ráða niðurlögum hennar. Enn er samtakamáttur okkar sterkasta vopn, með eftirliti á landamærum sem verður að virka og vekja traust.

Fimmtudaginn 25. mars sendi ég grísku þjóðinni heillaóskir á þjóðhátíðardegi hennar. Í ár er þess sérstaklega minnst að réttar tvær aldir teljast liðnar frá því að sjálfstæðisbarátta Grikkja hófst með uppreisn gegn Tyrkjum og yfirráðum þeirra. Þann merka dag í sögu Grikkja, 25. mars 1821, var Sveinbjörn Egilsson kennari hér á Bessastöðum. Hann lét skólapilta lesa þætti úr Ilíonskviðu og síðar úr Ódyseifskviðu. Um leið þýddi hann þessi meistaraverk Hómers á íslensku. Þannig tengist menningararfur ólíkra þjóða.

Á föstudaginn var ræddi ég um glímu okkar landsmanna við veirufjandann, í samtali við Björn Þór Sigbjörnsson og Þórunni Elísabetu Bogadóttur á Rás eitt. Minntist ég þar meðal annars á hvunndagshetjur kórónufaraldursins, fólk sem sinnir sínum störfum hvarvetna í samfélaginu og tryggir að líf okkar og tilvera skerðist sem minnst. Hægt er að hlusta á viðtalið hér:

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunvaktin/23614/7hhgga>

Ég fór einnig í annað viðtal í liðinni viku, ræddi við þá féлага Flosa Þorgeirsson og Baldur Ragnarsson sem sjá um hlaðvarpið Draugar fortíðar. Talið snerist öðrum þræði um heilbrigða þjóðrækni og þann greinarmun sem gera verður á henni og þjóðrembu með öllum sínum ókostum og illsku. Einnig ræddum við um söguskoðun,

söguskilning og ekki síst þorskastríð okkar Íslendinga við Breta á sínum tíma. Hægt er að hlusta á spjallið hér: <https://www.facebook.com/draugarfortidar/>

Sunnudaginn 21. mars vann kvennalandsliðið í handknattleik góðan sigur á liði Litháens og síðar í ár bíða því viðureignir við Slóvena um sæti í úrslitum heimsmeistaramóts. Ég óska liðinu til hamingju með þennan góða árangur. Mörg fylgdumst við með leikjum íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu í liðinni viku. Ekki voru úrslitin eins og vonir stóðu til þótt vísast hafi fá okkar búist við sigri gegn geysisterku liði Þjóðverja. Nú þýðir ekki að hengja haus heldur halda áfram í leit að sigri og velgengni. Í þessum efnum sem öðrum, til dæmis sóttvörnum, er rökstudd gagnrýni góðra gjalda verð en innantómt nöldur skilar litlu.

Á laugardaginn var flutti ég ávarp í beinu streymi á opnunardegi listsýningar á Kjarvalsstöðum sem ber nafnið Eilíf endurkoma. Á sýningunni er verkum Jóhannesar S. Kjarvals teft fram ásamt verkum myndlistarmanna sem sett hafa svip sinn á íslenskt listalíf síðustu ár. Þar má meðal annars líta málverk Kjarvals, Frá Þingvöllum, sem lengi hefur verið höfuðprýði í móttökusalnum á Bessastöðum. Ávarpið má sjá hér: <https://www.forseti.is/.../2021-03-27-eil%C3%ADf-endurkoma/>.

Fleiri fregnir af viðburðum, tilkynningar, tíst og fésbókarfærslur má sjá á heimasíðu forsetaembættisins, forseti.is. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar. Reynum að fara varlega í páskafríinu. Ég hvet fólk líka til að fyllast ekki gosfararkvíða. Allt bendir til þess að eldgosíð í Geldingadölum vari um nokkra hríð og því ætti að vera í lagi að doka við ef veður er óhagstætt, skilyrði erfið og vandasamt að fylgja skynsamlegum viðmiðum um sóttvarnir. Góðar stundir.